

Samkeppnin um verðlaun fyrir góða starfshætti 2018-2019

RAUNDÆMI



Stýring á útsetningu starfsfólks fyrir hættulegum efnum við framleiðslu á heimilistækjum



STOFNUN/FYRIRTÆKI

Gorenje, d.d.

LAND

Slóvenía

ATVINNUGREIN

Framleiðsla

VERKEFNI

Plasthúðun, krómhúðun, önnur verk við framleiðslu heimilistækja



Heimild: Gorenje, d.d.

Bakgrunnur

Gorenje, d.d., Velenje, Slóveníu, er móðurfyrirtæki Gorenje Group, leiðandi evrópsks framleiðanda heimilistækja. Það hefur skuldbundið sig til kerfisbundinnar nálgunar með þátttöku varðandi öryggi og heilsu og að útrýma hættu vegna hættulegra efna. Fyrirtækið notast við stjórnunarkerfi á sviði vinnuverndar og heilsu og er með nefndir og ráð sem

veita vettvang til að ræða mikilvæg viðmið, markmið og áætlanir fyrir örugga og heilbrigða vinnu og til að benda á úrbætur.

Fyrirtækið leitast við að skipta um út hættulegum efnum fyrir efni sem eru hættuminni, fækka efnum sem notuð eru og draga úr útsetningu starfsmanna fyrir hættulegum efnum á vinnustöðum sínum. Það framkvæmdi kerfisbundna greiningu á hugsanlegri

hættu á vinnustaðnum og bar kennsl á nokkur svið til úrbóta: útsetning starfsmanna á plastsviði fyrirtækisins fyrir mjög hættulegum leysiefnum; notkun á krabbameinsvaldandi sexgildu krómi (Cr^{6+}); annmörkum á eftirliti og skráningu yfir 1.200 efna sem notuð eru; skorti á tilliti til áhrifa efna sem í samspili með hávaða geta valdið aukið hættu á heyrnarskaða (eyrnaeitrun) og ófullnægjandi heilsufarseftirlit.

Markmið



Heimild: Gorenje, d.d.

- Að skipta út krabbameinsvaldandi Cr^{6+} fyrir öruggari, ókrabbameinsvaldandi þriggild króm (Cr^{3+}).
- Að draga úr útsetningu starfsmanna fyrir hættulegum lífrænum leysum á plastsviði fyrirtækisins.
- Að innleiða kerfisbundnari nálgun við eftirlit með efnum í fyrirtækinu, þ.m.t. heilsufarseftirlit með útsetningu og uppfæra gögn reglulega.
- Að bera kennsl á efni sem valda eyrnaeitrun sem eru í notkun hjá fyrirtækinu og framkvæma viðeigandi áhættumat.
- Að tryggja að viðeigandi heilsufarseftirlit sé framkvæmt.

Hvað var gert og hvernig?

Fyrirtækið kannaði mögulegar lausnir á þeim atriðum sem voru greind með því að notast við heildræna nálgun þar sem stjórnendur, starfsmenn og fulltrúar þeirra tóku þátt sem og þverfaglegt teymi sérfræðinga (þar á meðal viðurkenndur trúnaðarlæknir).

Farið var yfir kerfi og verklag um prentun á plastsviðinu. Þetta leiddi til þess að tvö af þremur færðum fyrir þurrkun voru fjarlægð og keyptar voru þrjár lokaðar og loftræstar vélar fyrir sjálfvirka prentun til að draga úr útsetningu starfsmanna fyrir lífrænum leysum.

Einnig var farið yfir krómhúðunarvinnslu fyrirtækisins og ferli fyrir að skipta út krabbameinsvaldandi Cr^{6+} fyrir hættuminnna Cr^{3+} var hannað, kostnaðarfært og prófað í litlum mæli.

Að mati fyrirtækisins er nauðsynlegt að viðhalda viðeigandi gögnum og öryggisblöðum til að meta á

áhrifaríkan hátt áhættuna sem stafar af hættulegum efnum fyrir starfsmenn. Til að tryggja að fyrirtækið sé vel í stakk búið til þess uppfærði það hugbúnaðarkerfi sitt í umfangsmikið viðskiptaupplýsingakerfi. Umhverfis-, heilbrigðis- og öryggisstjórnunareining (UHÖ) þessa hugbúnaðar gerir starfsmönnum kleift að taka virkan þátt í aðlögunarferlum til að mæta sérstökum þörfum.

Með því að nota þennan hluta kerfisins, og í samræmi við löggjafarkröfur ESB og innlendra aðila, bar fyrirtækið kennsl á þrjú efni sem valda eyrnaeitrun sem starfsmenn voru útsettir fyrir: stýren, tólúen og xýlen. Í samspili með hávaða í starfsumhverfinu eykur útsetning fyrir þessum leysum hættuna á heyrnarskaða. Staðsetningar efnisnotkunar og starfsmanna sem hugsanlega voru í hættu voru greindar og eftirlit með hávaða og mengun var framkvæmt.

Árið 2014 mat fyrirtækið sem svo að aðili þess á sviði heilbrigðis starfsmanna hefði ekki sinnt heilsufarseftirliti á viðeigandi hátt. Í framhaldi var skipaður nýr aðili til að sinna þessu. Síðan þá hafa verið tekin nokkur skref til að tryggja að heilsufarseftirlit fari fram á ábyrgan, faglegan og kerfisbundinn hátt.

Hver var ávinningurinn?

Með því að aðlagða vinnslu á plastsviði sínu dró fyrirtækið úr fjölda starfsmanna sem verða útsettir fyrir hættulegum efnum. Árið 2017 voru mengunarmörk fyrirtækisins m.t.t. tólúens lækkuð úr 51,5% af slóvensku viðmiðunargildi í 18,3%. Þetta hefur ekki aðeins dregið úr hættunni á atvinnusjúkdómum heldur einnig á eldi og sprengingu.

UHÖ-eining nýja hugbúnaðarins var innleidd og hefur það gert fyrirtækinu kleift að fá betri yfirsýn yfir efnin sem það notar og innleiða aðferðir til að samþykkja ný efni, veita rekjanlegar upplýsingar um magn, hættur, framboð, geymslu, flutning og meðhöndlun úrgangs í allri keðjunni, að teknu tilliti til innlendra og evrópskra reglugerða. Tekist hefur að draga úr fjölda efna sem notuð eru úr 1.200 í 840 og nú er auðvelt að nálgast viðeigandi öryggisblöð rafrænt af öllum starfsmönnum.

Með því að notast við greiningu sína á magni og tímalengd útsetningar fyrir efnum sem valda eyrnaeitrun og hávaðastigi hefur fyrirtækinu tekist að staðfesta að útsetning starfsmanna fyrir efnum á vinnustöðum sínum hefur engin skaðleg áhrif á heyrn starfsmanna. Að auki, með því að notast við betri nálgun sína við heilsufarseftirlit, hefur það með sannfærandi hætti sýnt fram á að ekki er farið yfir viðmiðunarmörk fyrir neinn starfsmann. Kerfisbundið eftirlit mun halda áfram til að tryggja að heilsa starfsmanna sé tryggð.



Heimild: Gorenje, d.d.

Árangursþættir og áskoranir

Tekist var á við útsetningu starfsmanna fyrir hættulegum efnum á kerfisbundinn sem fól í sér stjórnun, sérfræðinga frá viðkomandi sviðum og starfsmenn og fulltrúar þeirra, sem leiddi til árangursríkrar innleiðingar á bættum kerfum og ferlum og sannanlegra endurbóta á öryggis- og heilbrigðisaðstæðum.

Hingað til, þrátt fyrir ítarlegar rannsóknir og prófun, hefur fyrirtækinu ekki tekist að skipta Cr^{6+} út fyrir Cr^{3+} . Hins vegar lagði fyrirtækið talsvert mikið á sig við að finna annan valkost og fékk starfsmenn og fulltrúa þeirra og stéttarfélög með í ferlinu. Það er enn skuldbundið til að finna lausn, jafnvel þó að starfsmenn séu nú útsettir fyrir minna magni af þessu krabbameinsvaldandi efni sem er langt undir því viðmiðunarmarki sem tilgreint er í löggjöf ESB. Á meðan þessu stendur verða þeir starfsmenn sem eru útsettir fyrir Cr^{6+} vel upplýstir um mögulega hættu og hvernig megi hafa stjórn á henni og reglubundið líffræðilegt eftirlit er framkvæmt sem og eftirlit með styrkleikastigi.

Yfirfærsla

Þverfaglega nálgun fyrirtækisins og nálgun með þátttöku til að bera kennsl á, fylgjast með og takast á við áhættu sem stafar af hættulegum efnum fyrir starfsmenn er að öllu leyti yfirfæranleg til annarra fyrirtækja í framleiðslugeiranum. Fyrirtækið deilir með virkum hætti þekkingu sinni og reynslu með öðrum slóvenskum vinnuveitendum með því að mæta á málþing, ráðstefnur og hringborð. Dæmið er einnig yfirfæranlegt til annarra aðildarríkja.

Kostnaður og ávinningur

Ráðstafanir fyrirtækisins hafa lágmarkað fjölda starfsmanna sem verða útsettir fyrir hættulegum efnum og magni hættulegra efna sem notuð eru. Með því móti hefur fyrirtækið dregið úr hættu starfsmanna hvað varðar öryggi og heilsu.

Lykilþættir góðra starfsvenja

- Fyrirtækið notast við heildræna nálgun til að fylgjast með útsetningu á hættulegum efnum á vinnustöðum sínum.
- Lausnir á vandamálum sem eru greind eru þróuð með samvinnu stjórnenda, starfsmanna og fulltrúa þeirra og þverfaglegs teymis sérfræðinga.
- Fyrirtækið hefur með góðum árangri innleitt tæknilausnir á plastsviði sínu, hugbúnaðarkerfi til að stjórna og fylgjast með efnanotkun og kerfisbundna nálgun við líffræðilega eftirlit.
- Sýnt er fram á raunverulegar umbætur: fækkun efna sem notuð eru, fjölda starfsmanna sem verða fyrir útsetningu og styrk mengunar
- Fyrirtækið heldur áfram að leita að nýjum leiðum til að bæta öryggi og heilsu starfsmanna, gera meira en lagakröfur segja fyrir um og miðlar þekkingu sinni til annarra fyrirtækja.

Frekari upplýsingar

Frekari upplýsingar má finna át www.gorenje.com

„Fyrirtækið hefur skuldbundið sig til kerfisbundinnar nálgunar með þátttöku varðandi öryggi og heilsu og að útrýma hættu vegna hættulegra efna.“